



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**105. fundur svæðisskipulagsnefndar
var haldinn í Hamraborg 9, föstudaginn 18. mars 2022
og hófst hann kl. 13:30.**

Fundinn sátu:

Ásgeir Sveinsson, Einar Örn Þorvarðarson, Harpa Þorsteinsdóttir, Helga Hauksdóttir, Karen María Jónsdóttir, Magnús Ingi Kristmannsson, Ólafur Ingi Tómasson, Ragnhildur Jónsdóttir, Sveinn Óskar Sigurðsson, Pawel Bartoszek, Jón Ingi Hákonarson og Jón Kjartan Ágústsson.

Fundargerð ritaði: Jón Kjartan Ágústsson, svæðisskipulagsstjóri

Dagskrá:

1. Skipulagsgátt - kynning - 2202021

Fyrirliggjandi er tölvupóstur Skipulagsstofnunar dags. 22. febrúar 2022 með beiðni um að kynna verkefnið skipulagsgátt fyrir nefndinni. Samkvæmt nýjum lögum skal nota skipulagsgátt við skipulagsgerð, umhverfismat og útgáfu framkvæmdaleyfa og skulu allar umsagnir berast í gáttina. Einnig skal aðgangur að gáttinni vera öllum opin og án endurgjalds.

Gestir

Ólafur Árnason, Skipulagsstofnun, forstöðumaður nýsköpunar og þróunar - 13:30
Kynnt. Svæðisskipulagsnefnd fagnar verkefninu og hvetur Skipulagsstofnun til að bjóða fram frekari kynningar í skipulagsráðum sveitarfélaganna og að áframhaldandi samráð verði haft við sveitarfélögin við þróun verkefnis.

2. Vinnuhópur um stofn hjóla- og göngustíga höfuðborgarsvæðisins - 2003001

Fyrirliggjandi er tölvupóstur Vegagerðarinnar dags. 15. mars 2022 þar sem óskað er eftir að fá að kynna fyrir nefndinni hugmyndir um uppfærslu hjólaleiðbeininga Vegagerðar og SSH frá árinu 2019.

Gestir

Katrín Halldórsdóttir, Vegagerðin, höfuðborgarsvæði - 14:00

Kynnt. Áframhaldandi uppbygging hjólastígakerfis á höfuðborgarsvæðinu er mikilvægt samvinnuverkefni ríkis og sveitarfélaga og spilar stórt hlutverk í breyttum ferðavenjum, auknu öryggi og samkeppnishæfni svæðisins. Verkefninu er fagnað og óskað er eftir að SSH útfæri styrk við verkefnið úr verkefnastjóði svæðisskipulagsnefndar þegar nánari kostnaður liggur fyrir.

Ragnhildur Jónsdóttir kom inn á fund kl. 14:15

3. Kolefnislosun íslenskra bygginga: kynning - 2203011

Að beiðni formanns var óskað eftir kynningu á skýrslunni: Mat á kolefnislosun frá



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Íslenskum byggingariðnaði, sem unnin var fyrir Byggjum Grænni framtíð, sem er samstarfsverkefni stjórnvalda og hagaðila byggingariðnaðarins um vistvænni mannvirkjagerð

Gestir

Sigríður Ósk Bjarnadóttir, dósent við Umhverfis- og byggingarverkfræðideild HÍ og byggingarverkfræðingur hjá VSÓ - 14:30

Kynnt. Svæðisskipulagsnefnd fagnar verkefninu og þakkar fyrir kynninguna.

Ólafur Ingi Tómasson og Jón Ingi Hákonarson leggja fram eftirfarandi bókun: Fulltrúar Hafnarfjarðar vekja athygli á samþykkt Hafnarfjarðarkaupstaðar þann 29. maí 2019, „Skipulag og framkvæmdir, frá sjónarmiði um sjálfbærni“ Þar er m.a. settur fram hvati til að byggja vistvænt. Í þessu fellst að innleiddir verði hvatar til að hvetja framkvæmdaraðila til þess fá Svansvottun, BREEAM vottun eða sambærilegt á nýbyggingar, meðal annars í formi afsláttar af lóðaverði. Bæjarstjórn samþykkti að afsláttur af lóðarverði vegna Svansvottaðs húss yrði 20%. Einnig að með Breeam einkunn "Very good" 55% fái 20% afslátt af lóðarverði og við Breeam einkunn "Excellent" 70% verði afsláttur af lóðarverði 30%.

Harpa Þorsteinsdóttir yfirgaf fund undir lok þessa liðs.

4. MOS Blikastaðakró, Leiruvogur, friðun og Sundabraut - 2111020

Fyrir 103. fundi svæðisskipulagsnefndar barst erindi dags. 12.11.2021 frá fulltrúa Mosfellsbæjar í svæðisskipulagsnefnd þar sem óskað er eftir að ofangreint erindi væri tekið til umræðu nefndarinnar. Erindinu fylgdi bréf dags. 25.11.2021 stílað á svæðisskipulagsnefnd ásamt fylgigögnum og varðar feril máls við friðun Blikaðstakaróar. Á fundinum var erindið rætt og eftirfarandi skráð í fundargerð: Vísað til nánari rýni hjá SSH.

Erindið er nú lagt fram að nýju ásamt minnisblaði SSH dags. 16. mars 2022.

Minnisblað lagt fram.

Frestað

5. MOS Miðsvæði Sunnukrika 401-M Aðal- og deiliskipulagsbreyting - 2202024

Fyrirliggjandi er tölvupóstur dags. 24. febrúar 2022 þar sem tilkynnt er um auglýsingu skipulagslýsingar vegan ofangreinds. Skipulagslýsingin kynnir breytingu sem að felur í sér að uppfæra töflu í aðalskipulagi sem tilgreinir fjölda skráðra eigna og íbúða. Tillagan miðar að því að halda áfram uppbyggingu miðsvæðis Mosfellsbæjar með það að markmiði að bjóða fjölbreytta búsetukosti í nálægð við þjónustu. Skilgreina á einnig frekar uppbyggingu íbúða í bland við atvinnuhúsnæði.

Ekki eru gerðar athugasemdir við skipulagslýsingu. Svæðisskipulagsnefnd bendir á að í svæðisskipulagi koma fram viðmið um einkenni bæjarkjarna í töflu 2, sem sveitarfélög þurfa að útfæra nánar í aðalskipulagi. Svæðisskipulagsnefnd bendir einnig á að umrætt svæði er innan samgöngu- og þróunaráss sem skilgreindur var nýverið með sérstakri breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins en með breytingunni var samþykkt ákvæði sem varða uppbyggingu meðfram þróunarásunum sem sveitarfélögin þurfa að útfæra í aðalskipulagi. Í breytingunni segir að uppbygging skuli vera samgöngumiðuð (e. transit-oriented) í þeim



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

skilningi að lögð er áhersla á þéttingu og blöndun byggðar og að umhverfið sé liðlegt þeim sem fara ferða sinnar og sækja þjónustu fótgangandi eða hjólandi.

6. MOS Hamraborg við Langatanga - nýtt deiliskipulag - 2111004

Á 103. fundir svæðisskipulagsnefndar var ofangreint erindi tekið fyrir og eftirfarandi skráð í fundargerð: Ekki gerðar athugasemdir.

Fyrirliggjandi er bréf skipulagsstjóra Mosfellsbæjar dags. 1. mars 2022 þar sem tilkynnt er um að bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur staðfest nýtt skipulag. Einnig er meðfylgjandi svarbréf Mosfellsbæjar dags. 28. febrúar 2022 við innsendum athugasemdum. Eru gögn lögð fram.

Lagt fram.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:30.